

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**5. mars 2024**

### **Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aukna uppbyggingu í Úlfarsárdal**

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að hafist verði handa við skipulagningu íbúðasvæðis við Halla og í Hamrahlíðalöndum í Úlfarsárdal, þ.e. á svokölluðum M22 reit. Byggt verði á samþykktu deiliskipulagi fyrir svæðið frá árinu 2007 en það uppfært og betrubætt eftir því sem þörf krefur. Stefnt skal að því að úthlutun lóða í hverfinu hefjist árið 2026. Umhverfis- og skipulagssviði er falið að endurskoða gildandi deiliskipulag svæðisins og annast aðra skipulagsvinnu vegna málsins.